

Nd.

698. Breytingartillögur

[11. mál]

við frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga, verðlagsmál o. fl.

Frá minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (MK, GPÖ).

1. Við 1. gr. Greinin falli niður.
2. Við 2. gr. Greinin falli niður.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Almennar elli- og örorkubætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971, sbr. lög nr. 96/1971, nr. 112/1972 og nr. 62/1974, skulu taka breytingum sem hér segir:

1. Frá 1. október 1974 skulu þær hækka um 3 500 kr. frá því sem í gildi var í sept. 1974.
2. Frá 1. desember 1974 skulu þær hækka um 3% frá því sem í gildi var í nóvember 1974.
3. Frá 1. apríl 1975 skulu þær hækka um 4 900 kr. frá því sem í gildi var í mars 1975.
4. Frá 1. júlí 1975 skulu þær hækka um 3% frá því sem í gildi var í júní 1975.

Breytingar þessar skulu einnig taka til greiðslna skv. 73. gr. laganna.

Greiðslur samkv. 1. og 3. lið skulu háðar sömu takmörkunum og um var samið milli verkalyðsfélaga og atvinnurekenda 26. mars 1975.

Þannig verði fullur árlegur ellilífeyrir einstaklinga, sbr. 11. gr. laga nr. 67/1971, sem hér segir eftirgreind tímabil, miðað við að lífeyrir sé fyrst tekinn við 67 ára aldur:

Frá 1. október til 30. nóvember 1974	kr. 197 400
Frá 1. desember 1974 til 31. mars 1975	— 203 322
Frá 1. apríl 1975 til 30. júní 1975	— 262 128
Frá 1. júlí 1975	— 269 992

Aðrar bætur lífeyristrygginga svo og sjúkradagpeningar hækki í sama hlutfalli á þessu tímabili.

4. Við 7. gr.

a. Liðurinn „Uppbót á lífeyri (tekjutrygging) á ári“ orðist svo:

Einstaklingar	137 094	141 211	153 920	158 532
Hjón	246 769	254 180	277 044	285 355

Við greinina bætist:

Frá 1. júlí 1975 breytast fjárhæðir greinarinnar í samræmi við vísitölu vöru og þjónustu.

5. Á eftir 8. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Við álagningu tekju- og eignarskatts árið 1975 skulu fyrningar reiknaðar samkv. ákvæðum 15. gr. gildandi skattalaga með því fráviki að engar verðbreytingar eigna skulu leyfðar samkvæmt verðhækkunarstuðli.

6. Við 11. gr. Greinin falli niður.